

Alþingi
Erindi nr. P 139/1973
komudagur 6.4.2011

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um ferðamálaáætlun 2011-2020 - þskj. 758 -467 mál.

Ferðamálaráð fagnar framlagðri tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020 þar sem áhersla er lögð á að aðkoma hins opinbera að uppbyggingu í ferðaþjónustu verði á að skapa greininni umgjörð til vaxtar og þróunar.

Með áherslum á arðsemi, lengingu ferðamannatímabilsins, betri dreifingu ferðamanna um landið, gæði og fagmennsku tekur ferðamálaáætlun undir mörg meginsjónarmið sem ferðamálaráð hefur haldið á loft á undanförunum árum. Þannig má halda áfram að styrkja þann grunn sem lagður hefur verið í uppbyggingu í ferðaþjónustu um allt land.

Ljóst er að vöruþróun, nýsköpun og **markaðssetning** eru lykill að aukinni arðsemi ferðaþjónustunnar, minni árstíðarsveiflu og fjölgun áhugaverðra og spennandi áfangastaða um allt land. Ferðamálaráð vill taka undir þá áherslu sem lögð er á vöruþróun og bendir jafnframt á mikilvægi þess að auka verulega fjárveitingar til að standa að reglulegum könnunum, sjálfstæðum rannsóknum og spám um framtíðarþróun í greininni **ásamt viðamikilli landkynningu**.

Ferðamálaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að orðum fylgi athafnir og að aðgerðaáætlun ferðamálaáætlunar verði lögð til grundvallar ákvarðanatöku í fjárveitingum þannig að hægt verði að skapa ferðaþjónustunni umgjörð vaxtar og þróunar til framtíðar.

Samþykkt á fundi ferðamálaráðs 1.4.2011